

FUNDARGERÐ

300. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 27. maí 2026 og hófst kl. 15:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Diljá Ámundadóttir Zoega, Eiríkur S. Svavarsson, Auður Finnbogadóttir, Heimir Már Pétursson og Silja Dögg Gunnarsdóttir. Stefán Jón Hafstein, Kristín Sóley Björnsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Ingvar Smári Birgisson var forfallaður. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri (í gegnum fjarfundarbúnað) og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Ragnar Már Vilhjálmsson og Guðjón Guðmundsson, ráðgjafar hjá Manhattan ráðgjöf.

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerð nr. ~~199~~ var lögð fram og samþykkt.

2. Starfsáætlun og starfsreglur stjórnar

Skrifstofustjóri upplýsti um að mannauðsstjóri, dagskrárstjóri sjónvarps og dagskrárstjóri Rásar 1 komi inn á næsta stjórnarfund í tengslum við stefnumótunarvinnuna.

3. Fjármál

a. Uppgjör janúar-apríl 2026

Afkoma í apríl var lítillega undir væntingum en sú niðurstaða breytir litlu um þá heildarmynd sem kynnt var eftir fyrsta ársfjórðung. Tekjur mánaðarins voru í jafnvægi þegar tekið hefur verið tillit til tekna sem verða tekjufærðar í maí og júní en voru áætlaðar í apríl. Helstu frávik mánaðarins voru annars vegar aukinn launa- og verktakakostnaðar í framleiðsludeild vegna mikils fjölda verkefna í mars og apríl og hins vegar í fjármagnsliðum vegna hærri verðbólgu en reiknað var með.

Uppsafnað þá var afkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir jákvæð um tæplega 75 m.kr. eftir fjóra mánuði. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða nam tap á rekstri félagsins 228 m.kr. sem sé 58 m.kr. lakari afkoma en áætlað var. Lakari afkoma skýrist og fremst af 40 m.kr. fráviki í fjármagnsliðum. Þar vegist á annars vegar umtalsvert hærri verðbætur en áætlun ársins gerði ráð fyrir og hins vegar gengishagnaður sem leiði til lækkunar á fjármagnsliðum. Tekjur fyrstu fjóra mánuði ársins námu 3.217 m.kr. og voru 16 m.kr. umfram áætlun eða 0,5%. Það skýrist að mestu leyti af ríflega 20 m.kr. hærri auglýsingatekjum en áætlað var í janúar en samtals nema auglýsingatekjur tæplega 854 m.kr. á tímabilinu. Aðrar tekjur nemi ríflega 117 m.kr. og séu nánast á pari við áætlun en þó eigi eftir að tekjufæra hluta af áætluðum tekjum í mars og apríl (endurrúkkun á kostnaði) sem muni koma inn í maí/júní.

Útgjöld deilda námu samanlagt 3.142 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi og voru 34 m.kr. umfram áætlun eða 1,1%. Frávikið sé mest í hjá sjónvarpinu og íþróttadeild og framleiðsludeild. Frávik flestra annarra deilda séu óveruleg í krónum talið og gengið sé út frá því að hægt verði að jafna þeim út þegar líði á árið. Launakostnaður hafi verið umfram áætlun sem skýrist að hluta til af afleysingum vegna langtímaveikinda.

Markmið stjórnar sé að rekstur félagsins sé yfirvegaður og hallalaus og geri rekstraráætlun ársins ráð fyrir 25 m.kr. afgangi. Áfram sé stefnt að hallalausum rekstri á yfirstandandi ári en lakari afkomuhorfu ársins skýrist að svo stöddu aðallega af aukningu í vaxtagjöldum vegna gjaldfærðra verðbóta en verðbólga hafi verið 1-1,5 prósentustigi umfram áætlun. Að óbreyttu stefni í að verðbætur verði 50 m.kr. umfram áætlun haldist sú þróun út árið. Á móti þessari þróun vegi að áunnar vaxtatekjur séu

ESB

umfram áætlun auk þess sem innbyggt sé í áætlunina svigrúm gagnvart lakari gengisþróun á árinu. Verði gengisþróunin hagfelld gæti hún ásamt áunnum vaxtatekjum dempað frávikið vegna verðbótaþáttarins.

Stjórnendur muni eins og áður fylgjast náið með þróun rekstrar frá mánuði til mánaðar og haga viðbrögðum samkvæmt því. Þar sé einnig litið til þess að áhrif hærri verðbóta birtast ekki með samsvarandi hætti í sjóðstreymi félagsins. Ekki sé útilokað að grípa þurfi til ráðstafana til að bæta sjóðstöðuna svo sem hliðrun eða frestun á fjárfestingu eða kaupum á dagskrárefni en engar ákvarðanir hafa verið teknar um slíkt að svo stöddu. Ráðstafanir í rekstri snúa fyrst og fremst að lækkun á launakostnaði.

b. Ýmsar rekstrarlegar upplýsingar

Sjóðstaðan var jákvæð um 100 m.kr. í lok apríl sem sé nokkurn veginn í takt við áætlun. Fjöldi stöðugilda hafi verið um það bil 270 sl. þrjá mánuði sem séu efri mörk þess sem launaáætlun ársins geri ráð fyrir.

Fjárfestingar séu áætlaðar 500 m.kr. á árinu en þar af nemi útgreiðslur 405 m.kr. á móti 95 m.kr. í eignfærslu launa. Á fyrsta ársfjórðungi námu fjárfestingar 112 m.kr. sem sé í takt við áætlun og jukust um rúmlega 30 m.kr. milli ára. Gert sé ráð fyrir umtalsverðri fjárfestingu á öðrum ársfjórðungi en þar vegi þyngst fjárfesting í nýjum gagnageymslum fyrir safnakerfið.

Verktakakaup fyrstu mánuði ársins hafa eðli máls samkvæmt þróast með nokkrum öðrum hætti en undanfarin ár. Verktakakaup námu 369 m.kr. fyrstu fjóra mánuði ársins og lækka um 17% að raunvirði milli ára. Umfangið hafi ekki verið lægra síðan í kórónuveirufaraldrinum. Á hinn bóginn fjölgaði verktökum um 20% milli ára og voru umtalsvert fleiri en árin 2018-2025. Fjölgunin skýrist aðallega af því að í apríl var mikill fjöldi verkefna í gangi á sama tíma þannig að fleiri verktakar komu inn en í styttri tíma. Þá höfðu vetrarólympíuleikarnir einnig áhrif þar sem nokkur fjöldi verktaka kom inn í lýsingar í febrúar.

Birgðir hafa staðið í stað frá áramótum í krónum talið en munu lækka talsvert í sumar. Frumsýnt efni á kjörtíma frá sjálfstæðum framleiðendum er um 39% sem sé umfram ákvæði þjónustusamningsins sem sé 35%.

4. Stefnumótunarvinna fyrir Ríkisútvarpið

Ragnar Már Vilhjálmsson og Guðjón Guðmundsson, ráðgjafar hjá Manhattan komu inn á fundinn. Þeir upplýstu stjórn um framvindu viðtala sem þeir hafa leitt fyrir hönd RÚV í stefnumótunarvinnunni. Þeir hafi nú þegar tekið flest viðtöl við stjórnarmenn og starfsfólk RÚV sem ákveðið var að taka viðtöl við. Öll viðtöl séu með nafnleynd og fáir stjórnendur engar upplýsingar um hver segi hvað. Viðtölin séu mikilvægt innlegg við að móta stefnu til framtíðar. Þeir séu nú farnir að sjá tiltekin lykilmemu úr viðtölunum sem muni hafa áhrif á viðfangsefni vinnustofu starfsfólks sem haldinn verði 9. júní nk. Markmið vinnustofunnar sé að heyra viðhorf og skoðanir starfsmanna RÚV á nokkrum viðfangsefnum sem nýtast mun sem innlegg í stefnumótunarvinnuna.

Skrifstofustjóri upplýsti að verið sé að leggja lokahönd á undirbúning spurninga fyrir viðhorfskönnun sem Gallup mun leggja fyrir í næstu viku. Jafnframt sé gert ráð fyrir að Gallup leggi fyrir aðra könnun um þjónustu RÚV sem jafnframt verði opin netkönnun á ruv.is til þess að opna stefnumótunarvinnuna gagnvart almenningi.

Sumarið verði nýtt í greiningu viðtala, vinnustofu og taka við og greina niðurstöður úr öðrum mælingum og rannsóknum. Eftir sumarið verði svo haldinn vinnustofa með stjórn og verður farið yfir þau meginþemu sem koma fram úr greiningarvinnunni.

1513

Stjórn ræddi nánar stefnumótunarvinnuna og mikilvægi þess að stefnan hafi að geyma töluleg- og mælanleg markmið og skýra aðgerðaráætlun við innleiðingu stefnunnar. Formaður stjórnar var á þeirri skoðun að mögulega þurfti að fara í afgerandi forgangs röðun og umbreytingarferli til næstu fimm ára.

5. Minnisþingar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri fór yfir nýlegan samráðsfund með fulltrúum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, en slíkir fundir séu samkvæmt ákvæði í þjónustusamningi og haldnir tvisvar á ári. Á fundinum var farið yfir þau mál sem efst eru á baugi og þar á meðal yfir stöðu mála samkvæmt þjónustusamningi.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir nýlegri niðurstöðu Fjölmiðlanefndar vegna kvörtunar vegna ætlaðs viðskiptaboðs fyrir áfengi. Foreldrasamtök gegn áfengisauklýsingum kvörtuðu yfir auglýsingum frá Smárikinu í sjónvarpi hjá RÚV, en Smárikið rekur netverslun með áfengi. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar var að ekki væri um að ræða viðskiptaboð fyrir áfengi, áfengir vörutegundir eða vörumerki, heldur fyrir verslunina Smárikið og þá þjónustu sem hún veitir. Ákvæði Fjölmiðlanefnd því að aðhafast ekki frekar vegna kvörtunarinnar.

Upplýst var að ritstjórnarteymi landsbyggða væri tekið til starfa undir stjórn Ólafar Rúnar Erlendsdóttur fréttamanns. Hlutverk teymisins er að móta ritstjórnaráherslur þvert á miðla RÚV í samstarfi við frétt- og dagskrárstjóra auk annarra verkefna samkvæmt landsbyggðastefnu og landsbyggðaaætlun RÚV.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir erlendum heimsóknunum til RÚV, þar á meðal með fulltrúum frá lettneska ríkisútvarpinu og norrænum fjölmiðlanefndum. Þá upplýsti útvarpsstjóri að hann hefði setið fyrir svörum í pallborði á vegum kosningaeftirlitsteymis frá Evrópuráðinu, sem var hér á landi til að fylgjast með framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna. Loks gerði útvarpsstjóri grein fyrir niðurstöðu í skaðabótamáli sem rekið var fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Í málinu var Ríkisútvarpið sem og fyrirverandi starfsmaður þess sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu auk þess sem stefnanda var gert að greiða báðum aðilum málskostnað.

6. Þjónustusamningur MNH og RÚV

Ákveðið var að fresta þessum dagskrárlið fram á næsta stjórnarfundi.

7. Önnur mál

Útvarpsstjóri fór yfir fyrirkomulag umfjöllunar RÚV vegna atkvæðagreiðslur um aðildarviðræður við ESB, sem hafi verið í undirbúningi að undanförunu. Almenn og sértæk umfjöllun verði í fréttum og helstu reglubundnu þáttum í útvarpi og sjónvarpi auk sérstakrar dagskrárgerðar og kosningasjónvarpi á kjördag. Þá verði öllu efni safnað saman á sérstakan kosningavef á ruv.is auk umfjöllunar á samfélagsmiðlum. Farið var yfir þær reglur sem gilda og annað sem þessu tengist.

Skrifstofustjóri fór yfir svör við spurningum stjórnarformanns vegna mögulegra vöruinnsetninga í einum þætti Góðra Íslendinga, þar sem til umfjöllunar voru matur og drykkur. Fram kom hjá skrifstofustjóra að sérstakt ákvæði væri í framleiðslusamningi um að vöruinnsetningar væru óheimilar og ekkert sölusamstarf hefði verið um umfjöllunarefni þáttarins eða aðkoma frá RÚV Sölu. Mat útvarpsstjóra og skrifstofustjóra var að þátturinn hefði að öllu leyti verið í samræmi við þau lög og reglur sem um þetta gilda, óhjákvæmilegt væri að fjalla um tiltekin vörumerki þegar umfjöllunarefnið væri matur og drykkur en það hefði í öllum tilvikum verið gert með látlausum hætti eins og lög gera ráð fyrir.

Fundi slitið.

Trigvar Smári Bragsson s.d.
Ólafur Rúnar Erlendsdóttir
Ólga Arnardóttir
Zoëga
Andri Tómas
K. Steinar
Einarsson